

# GRUNN-HÁSKÓLANÁM Í BANDARÍKJUNUM

*Inntöku- og tungumálapróf*

## TOEFL

- **Stöðupróf í ensku** fyrir alla sem sækja um háskóla í Bandaríkjunum.
  - *Þeir sem sama hafa lokið háskólagráðu á ensku í enskumælandi landi eða tekið annað sambærilegt enskupróf geta fengið undanþágu*
- Prófið kannar lesskilning, hlustun, tal og ritun.
- ETS sér um allt utanumhald, verð, skráningu, dagsetningar prófa og þjónustu á allan hátt.
- **Prófstaður TOEFL á Íslandi er hjá Promennt.**
- Niðurstöður prófsins eru aðgengilegar sirka 2-3 vikum eftir próf inn á þínu svæði hjá TOEFL.
- Prófaskírteinið (niðurstöður prófsins) gildir í 2 ár.
- **Skráning fer fram á netinu með viku fyrirvara.**  
<https://www.ets.org/toefl.html>

## SAT

- Inntökupróf í **grunnháskólanám í Bandaríkjunum.**
- Prófað er í stærðfræði og ensku (t.d. orðaforði, lesskilningur, málfræði) ásamt skriflegu prófi. Röksemdarfærsla og gagnrýn hugsun er könnuð.
- Blanda af krossaspurningum og ritgerðarspurningum.
- Dregið frá fyrir vitlaus svör
- **Verzlunarskóli Íslands hýsir SAT-prófin á Íslandi** en fyrirspurnum skal beina til SAT stofnunarinnar  
[sat@info.collegeboard.org](mailto:sat@info.collegeboard.org)
- **Skráning fer fram á vef SAT með 4 vikna fyrirvara**  
<https://satsuite.collegeboard.org/sat>

## ACT

- Inntökupróf í **grunnháskólanám í Bandaríkjunum.**
- Prófað í námsefni grunnskóla í BNA eins og stærðfræði, líffræði, eðlisfræði og ensku (lesskilningur, málfræði o.s.frv.)
- Krossaspurningar.
- Ekki dregið frá fyrir röng svör.
- **Flensborgarskólinn í Hafnarfirði hýsir ACT prófið á Íslandi** en fyrirspurnum skal beina til ACT.
- **Skráning í próf er á vef ACT með 5 vikna fyrirvara:**  
<https://www.act.org/>
- Í einhverjum tilfellum getur nemandi sjálfur komið á prófi í samráði við námsráðgjafa/kennara í sínum skóla sem tekur að sér yfirsetu gegn gjaldi. Leiðbeiningar er að finna á heimasíðu ACT. Allar fyrirspurningur um þessi skipulögðu próf verða að berast til [arranged@act.org](mailto:arranged@act.org)
- Fáir nemandi leyfi fyrir þannig prófi getur hann og námsráðgjafinn/kennarinn fyllt út beiðni um próf í sameiningu.